



Reykjavíkurborg

skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Reykjavík, 6. september 2021

R21050264

5252

Borgarráð

Gufunesvegur 32 - höfnun tilboðs og nýtt útbod

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að hafna tilboði Jörp ehf., kt. 430221-1320, í lóðina Gufunesvegur 32 sem boðið var í lóðaútbóði í Gufunesi þann 7. maí sl. Einnig er þess óskað að samþykkt verði að byggingarréttur á lóðinni að Gufunesvegi 32 verði boðinn út aftur.

Greinargerð:

Útbodsfresti lóðaútbóðs fyrir lóðir í Gufunesi lauk 21. maí sl. Hæstbjóðandi í lóðina að Gufunesvegi 32 skilaði ekki inn fullnægjandi gögnum varðandi lóðina og sá aðili sem skilaði næsthæsta tilboði féll frá tilboði sínu í lóðina.

Óskað er eftir að borgarráð hafni því tilboði sem reyndist þriðja hæsta og jafnframt það lægsta í lóðina að Gufunesvegi 32 þar sem það tilboð er of lágt með vísan til ákvæðis 3.4 í úthlutunar- og útbodsskilmálum fyrir lóðina. Lagt er til að lóðin verði boðin út aftur.

Hrefna Þórsdóttir
skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

1. Fundargerð Gufunesveggar 32

Árið 2021, þann 26. maí kl. 14:00 voru bókuð inn tilboð vegna auglýsingar Reykjavíkurborgar um sölu byggingaréttar við lóðina **Gufunesvegur 32**. Opnunin var framkvæmd rafrænt á vefsvæði útboðsvefjar Reykjavíkurborgar www.ubod.reykjavik.is.

Fundargerð ritaði Oddrún Helga Oddsdóttir

Eftirfarandi fyrirtæki skiluðu inn gildu tilboði:

1	Jörp ehf.	kr.	165.000.000
2	JB 5 ehf.	kr.	521.550.000
3	Spjót ehf.	kr.	523.700.000

Alls bárust 3 tilboð.

Fundi slitið kl. 14:15